

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Kjalarnes, Skrauthólar.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 20. febrúar 2015 breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar Skrauthólar á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að byggja við núverandi hús á lóð nr. 4 við Skrauthóla ásamt stækkun á lóðarskika sem skipt verður upp í þrjú hluta Skrauthóla 1, 5 og 6 sem eingöngu verða notaðir til landbúnaðar án mannvirkja. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 18. júní 2015.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 2. júlí 2015